

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið  
Skúlagötu 4  
101 Reykjavík

Reykjavík, 24. marz 2021

## **Efni: Umsögn um drög að reglugerð um (3.) breytingu á reglugerð nr. 1294/2014, um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda**

Félag atvinnurekenda (FA) vísar til ofangreindra reglugerðardragna, sem birt voru í samráðsgátt stjórnvalda 10. marz sl. Þar er lagt til að heimilað verði að miðla lögbundnum upplýsingum um innihald matvara með öðrum hætti en merkingum á umbúðum eða límmiða á umbúðunum, þ.e. með því að vöruupplýsingar forpakkaðra matvæla séu aðgengilegar með strikamerki eða QR-kóða sem unnt er að lesa af með smáforriti í snjallsíma eða öðrum stafrænum búnaði. Félagið styður eindregið að reglugerðardrögin verði að gildandi reglum og telur um mikilvægt sameiginlegt hagsmunamál verzlunarinnar og neytenda að ræða.

### **Kostnaður vegna endurmerkinga**

Ísland á aðild að innri markaði Evrópusambandsins í gegnum samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og hefur tekið upp reglur ESB um frjálsa flutninga vöru, þ.m.t. matvöru. Ísland er staðsett á milli tveggja stórra markaða, þess evrópska og norður-ameríska og flytur inn meira af vörum frá Norður-Ameríku en flest önnur Evrópuríki. Matvælalöggjöf ESB hefur að langmestu leyti verið innleidd í íslenskan rétt, þ.m.t. reglur um merkingar matvæla í þágu neytendaverndar. Ólíkar reglur um merkingar matvæla í Bandaríkjunum og fleiri þriðju ríkjum annars vegar og EES-ríkjum hins vegar hafa valdið ýmsum vandkvæðum.

Oft þarf að endurmerkja matvöru sem flutt er inn frá ríkjum utan EES til að fullnægja kröfum Evrópureglna um merkingar. Endurmerkja þarf allar forpakkaðar matvörur, t.d. morgunkorn og annan kornmat, hrísgrjón, niðursuðumat, súpur, sósur o.s.frv. Meðalkostnaður við endurmerkingu með límmiðum er um 20 krónur á hverja vöruveiningu. Þessi aukakostnaður getur hækkað verð ódýrari pakkninga umtalsvert. Svo dæmi sé tekið af dós með niðursoðnum tómötum, sem er flutt inn á kostnaðarverðinu 100 kr. veldur aukakostnaðurinn 20% verðhækkun. Samkvæmt grófu mati hækkar kostnaður við endurmerkingar verð matvöru, sem flutt er inn frá Norður-Ameríku, um 10-15%. Það er því augljóst hagsmunamál neytenda að hægt sé að finna aðrar lausnir en endurmerkingar til að miðla lögbundnum upplýsingum.

FA hefur árum saman gert athugasemdir við kröfur um að endurmerkja þurfi t.d. bandarískar vörur fyrst og fremst vegna þess að þar er sömu upplýsingum miðlað með öðrum hætti en skv. Evrópureglunum, þ.e. næringargildi og innihaldsefni gefin upp miðað við skammt en ekki 100 g. Félagið hefur hvatt til þess að löggjöf ESB sé innleidd og framkvæmd með minna íþyngjandi hætti. Með stafrænni miðlun upplýsinga má leysa úr þessum vanda og tryggja sambærilega vernd neytenda.

Á þessu máli er nýr flötur; eftir að Bretland yfirgaf Evrópska efnahagssvæðið um síðustu áramót hefur opnast sá möguleiki að endurmerkja þurfi sumar brezkar vörur, ef ekki er tilgreindur ábyrgðaraðili á EES á umbúðunum. Merkingar umbúða eru að öðru leyti í einu og öllu í samræmi við evrópskar reglur. Margir brezkir birgjar íslenskra innflytjenda hafa breytt merkingum, en jafnframt eru allmargir sem

ekki hafa sinnt því að breyta umbúðum. Matvælastofnun hefur beint því til heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga að beita meðalhófi eitthvað fram eftir ári hvað varðar kröfur um endurmerkingar vara frá Bretlandi. Með stafrænni miðlun er unnt að leysa úr þessum vanda án þess að fara í kostnaðarsamar endurmerkingar.

Burtséð frá kostnaðinum er endurmerking matvæla ekki bezta leiðin á stafrænni öld til að koma mikilvægum upplýsingum til neytenda. Jafnframt má líta á áðurnefnd vandkvæði og hinn háa kostnað, sem fellur á innflytjendur og heildsala, sem viðskiptahindrun sem getur torvelað viðræður um aukna fríverzlun við t.d. Bretland og Bandaríkin.

### **Krafa neytenda um meiri upplýsingar**

Upplýstir neytendur gera kröfur um meiri vöruupplýsingar en hægt er með góðu móti að koma fyrir á t.d. niðursuðudós. Neytendur vilja upplýsingar um innihaldsefni, ofnæmisvalda, framleiðsluland, rekjanleika, vistspor, umhverfis- og gæðavottanir og þannig mætti áfram telja.

Í skýrslu starfshóps um betri merkingar matvæla, sem starfaði á vegum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins og lauk störfum í september 2020, kom fram að mikilvægt væri að stjórnvöld fylgdust vel með og stuðluðu að því að stafrænar lausnir til að miðla upplýsingum til neytenda verði nýttar í sem mestum mæli. Hópurinn taldi að stjórnvöld ættu að stuðla að því að neytendur geti hafið notkun lausnanna hið fyrsta, e.t.v. í gegnum smáforrit í símanum sínum. Stjórnvöld ættu jafnframt að beita sér fyrir því að neytendur og verzlunarfyrtæki verði meðvituð um tilvist og notagildi lausnanna. Samráðshópurinn var skipaður af sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og í honum áttu sæti fulltrúar ráðherra, Félags atvinnurekenda, Samtaka verzlunar og þjónustu, Neytendasamtakanna, Samtaka iðnaðarins og Bændasamtaka Íslands. Tillaga ráðherra um reglugerðarbreytinguna er í fullu samræmi við þessar áherzlu hópsins.

Óhætt er að segja að með notkun stafrænna lausna séu neytendur í sterkari stöðu að krefjast meiri upplýsinga um vörur en þeim standa til boða í dag, enda bjóða þær upp á að miðla gnótt upplýsinga þar sem lítill flötur á umbúðum er ekki lengur takmarkandi þáttur.

### **Stafræn lausn skammt undan**

Lausn á ofangreindum vandamálum og viðfangsefnum liggur í hagnýtingu stafrænnar tækni. Stafræn lausn, GS1 Gagnalaug, hefur verið þróuð á vegum GS1 Ísland, sem er hluti af GS1 International, sem hefur auðvelað okkur lífið með hagnýtingu strikamerkja allt frá árinu 1973. Fyrirtækið er rekið án hagnaðarkröfu og er í eigu fimm hagsmunasamtaka í iðnaði og verzlun; FA, Samtaka verzlunar og þjónustu, Viðskiptaráðs Íslands, Samtaka iðnaðarins og Sambands íslenskra samvinnufélaga.

Með GS1 Gagnalaug þarf engar endurmerkingar til að fullnægja kröfum Evrópureglna um upplýsingagjöf til neytenda. Með þessari lausn er hægt að láta snjalltæki eða skanna í verzlun lesa af strikamerki eða QR-kóða allar upplýsingar, sem í dag er að finna á umbúðum matvæla, og raunar mun ýtarlegri og dýpri upplýsingar en komast nokkurn tímann fyrir á hefðbundnum merkimiða. Strikamerkin eru tengd við GS1 Gagnalaug þar sem allar upplýsingar sem krafizt er eru geymdar. Framleiðendur, innflytjendur, heildsalar og eftir atvikum smásöluverzlun bera ábyrgð á að viðhalda réttum upplýsingum um hverja vöru í GS1 Gagnalaug. Ýmsir af stærstu matvælaframleiðendum, -innflytjendum og -smásölum landsins eiga nú þegar aðild að GS1 Gagnalaug.

Neytendur geta nálgast upplýsingarnar á þrennan hátt:

- **Myndavélar snjallsíma geta lesið QR-kóða eða strikamerki á hillumerkingu eða vörustandi í verzlun.** Kóðinn inniheldur vefslóð sem vísar á vefsíðu með viðeigandi neytendaupplýsingum. Þessi tækni er nú þegar fyrir hendi fyrir allar vörur sem skráðar hafa verið í Gagnalaugina.
- **Smáforrit (app) á snjalltæki eða -síma les strikamerki vörunnar** og sýnir viðeigandi upplýsingar. Notandinn getur forskráð t.d. að hann vilji að appið vari hann við tilteknum ofnæmisvökum, innihaldsefnum eða uppruna. Hægt er að birta upplýsingarnar á mismunandi tungumálum ef þær hafa verið skráðar þannig í GS1 Gagnalaug. Að því gefnu að reglugerðarbreytingin verði gerð, tekur skamman tíma að þróa og prófa slíkt app.
- **Skannar í verzlunum, svipaðir verðskönnum sem notaðir eru í dag, lesa strikamerki vöru** og birta upplýsingarnar. Þetta er lausn sem getur hentað þeim fáu neytendum, sem ekki eiga snjallsíma, en samkvæmt könnunum er það hlutfall um eða innan við 10%.

### Tæknin er tilbúin – höfum trú á henni

Einhvers misskilnings hefur gætt í umræðum um þetta mál, eins og að tæknin sé óreiðanleg, ekki tilbúin eða þýði aukna fyrirhöfn fyrir neytendur. Strikamerki og QR-kóðar eru þrautreynd tækni. Fjöldinn allur af matvælaupplýsingaöppum, sem byggjast á hagnýtingu upplýsinga úr gagnalaugum með því að skanna slík vöruauðkenni, er á markaði víða um lönd. Sú tækni er afar einföld og aðgengileg í notkun og alla jafna ókeypis.

Ísland er eitt net- og snjallsímavæddasta ríki heims; eins og áður sagði sýna kannanir að um og yfir 90% íbúa eigi snjallsíma. Sú staða gerir okkur kleift að vera í fararbroddi við innleiðingu tæknilausna á borð við þær sem lýst er að ofan. Neytendur nota snjalltæki daglega til að sinna ótal daglegum verkefnum sem áður voru unnin með öðrum hætti, t.d. til að greiða fyrir vörur og þjónustu, kaupa inn til heimilisins, borga í bílastæði, sinna fjármálum heimilisins í bankanum o.s.frv., með öruggum og einföldum hætti. Að hafa vantrú á tækninni og gera stífar kröfur um tvöfalt kerfi til að miðla lögbundnum upplýsingum minnir á þær áhyggjur og efasemdir sem ýmsir létu í ljós um miðjan níunda áratug síðustu aldar, þegar hætt var að verðmerkja hverja einustu pakkningu í verzlunum með límmiða og verðmerkingar með strikamerkjum voru teknar upp í staðinn.

Eins og áður sagði ætti að taka skamman tíma að þróa ókeypis vöruupplýsingaapp eftir að reglugerðarbreytingin hefur verið samþykkt. Sjá má fyrir sér að GS1 ásamt samtökunum sem að fyrirtækinu standa og stjórnvöldum stæði að kynningarátaki til að kynna appið og möguleika þess fyrir neytendum. Skynsamlegt getur verið að gera ráð fyrir einhverjum aðlögunartíma, þar sem áfram þarf að endurmerkja innfluttar vörur þótt upplýsingar um þær hafi verið skráðar í GS1 Gagnalaug, á meðan verið er að villuprófa kerfið.

Hafa þarf í huga að mikill meirihluti matvöru, sem kemur frá innlendum framleiðendum eða framleiðendum á Evrópska efnahagssvæðinu, verður áfram merktur með þeim upplýsingum sem neytendur eru vanir. Áhyggjur af því að framleiðendur fjarlægja hefðbundnar merkingar af umbúðum til að villa um fyrir neytendum eru ástæðulausar, einfaldlega vegna þess að neytendur eru líklegir til að sniðganga vörur frá framleiðendum sem uppvísir verða að slíku. Ljóst má vera af rökstuðningi ráðuneytisins með drögunum að tilgangur breytingarinnar er eingöngu að efla stafræna miðlun til neytenda og gera þar með endurmerkingar matvöru óþarfar.

Raunar er það svo að hagnýting GS1 Gagnalaugar ætti að tryggja mun betur en núverandi kerfi að framleiðendur haldi til haga öllum lögbundnum upplýsingum, einfaldlega vegna þess að auðvelt er að búa þannig um hnúta að ekki sé hægt að skrá vöru inn í gagnagrunninn án þess að þeim upplýsingum sé öllum til skila haldið. Það ætti jafnframt að auðvelda opinbert eftirlit með því að upplýsingar um vöruna séu rétt skráðar. Skráning upplýsinga í GS1 Gagnalaug eykur jafnframt öryggi neytenda með því að gera t.d. innköllun vöru einfaldari og skilvirkari, þar sem allir aðilar í virðiskeðjunni fá upplýsingar á sama tíma um innköllun.

Fyrir fyrirtæki í matvælageiranum þýðir þátttaka í GS1 Gagnalaug og innleiðing á nýrri tækni og verklagi vissulega kostnað. Á móti kemur sá mikli ávinningur sem fylgir því að losna við endurmerkingar vara. Reglugerðarbreytingin mun því hvetja fleiri fyrirtæki í framleiðslu, innflutningi, heildsölu og smásölu matvæla til að laga starfsemi sína að stafrænni miðlun neytendaupplýsinga og gerast aðilar að GS1 Gagnalaug, neytendum til hagsbóta.

### Lausn fyrir framtíðina

Það er skýr niðurstaða FA að með því að fyrirtæki í matvælageiranum miðli upplýsingum um vörur með stafrænum hætti sé hægt að ná mörgum markmiðum:

- Draga úr kostnaði við endurmerkingar á innfluttum vörum
- Eyða hindrunum í milliríkjavíðskiptum
- Verða við kröfu neytenda um auknar upplýsingar um vörur
- Auka þægindi neytenda og skapa möguleika á notendaviðmóti sem lagað er að einstaklingsþörfum

Félagið mælir því eindregið með því að reglugerðarbreytingunni verði hrint í framkvæmd.

Virðingarfyllst,



Ólafur Stephensen  
framkvæmdastjóri FA